

kr. 2077,76 ásamt 5 % ársvöxtum, sbr. almenn viðskiftalög nr. 21, 11. júlí 1911, 38. gr., frá 1. jan. þ. á. til borgunardags. Svo ber stefnda og að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst 50 kr.

Miðvikudaginn 20. júní 1923.

Nr. 31/1923.

Stefán Loðmfjörð

(Björn P. Kalman)

gegn

Júlíusi Björnssyni.

(Enginn).

Víxilmál.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 10. mars 1923: Stefndur, Stefán Loðmfjörð, greiði stefnandanum, Júlíusi Björnssyni, kr. 757,50 ásamt 6 % ársvöxtum frá 15 f. m. til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % upphæðarinnar í þóknun og kr. 122,25 í málskostnað, allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Mál þetta hefir verið flutt skriflega, með því að stefndi sótti eigi dómþing í hæstarjetti, og á því málskostnaður þar að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu birtri 19 f. m. af Júlíusi Björnssyni kaupmanni hjer í bænnum gegn Stefáni

Loðmfjörð, Grettisgötu nr. 2, til greiðslu víxils, að upphæð kr. 757,50, útgefins af stefnanda 15. desember f. á. og samþykta af stefndum til greiðslu í Íslandsbanka hjer í bænnum 15. f. m. ásamt 6% ársvöxtum af víxil upphæðinni frá gjalddaga víxilsins til greiðslusundags, $\frac{1}{3}\%$ af henni í þóknun og málskostnaðar að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málaflutingsmannafjelagsins, kr. 122,25.

Stefndur hefir krafist frávísunar málsins frá rjettinum og 100 króna málskostnaðar hjá stefnanda.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndur á því, að lög nr. 33/1911 taki ekki til annara víxla en þeirra, „þar sem greiðandi (samþykkjandi) á annað varnarþing en þar sem greiðslustaðurinn er“. Þetta er þó að áliti rjettarins ekki rjett, því lögin taka fram berum orðum, hver stefnufrestur varnaraðila beri, ef heimili hans sje innan sama lögsagnarumdæmis og fyrirtökustaður málsins og kveða það vera hinn venjulega stefnufrest, án þess að gjöra nokkra undantekningu að því er það tilfelli snertir, að heimili varnaraðila sje í sömu þinghánni og fyrirtökustaður málsins, en svo hefði orðið að vera, ef lögunum hefði ekki verið ætlað að ná einnig til þeirra víxilmála, þar sem varnaraðili er búsettur innan dómpinghár fyrirtökustadarins.

Það er og alkunnugt að með greindum lögum vildi löggjafarvaldið gjöra víxileiganda það mögulegt að lögsækja í einu máli alla skuldunauta eftir víxli, þótt þeir ættu heima í ýmsum dómpinghám, en þeim tilgangi yrði ekki náð, ef skilningur stefnds á þeim væri rjettur, svo framarlega sem einn af víxilskuldurunum og víxileigandi ættu heima innan dómpinghár fyrirtökustadarins, því þá yrði að sækja málið gegn þeim víxilskuldara fyrir hinum venjulega undirrjetti í dómpinghá hans, en hinum víxilskuldurunum yrði að stefna fyrir gestarjettinn, þar sem lögin gjöra engan greinarmun á því, hvort víxilskuldara, sem á heima í sömu dómpinghá og fyrirtökustadurinn er, er stefnt einum eða ásamt öðrum víxilskuldurum.

Loks er og það, að skilningur stefnds á lögum nr. 33/1911 kemur algjörlega í bág við dómvenju þá, sem hefir myndast síðan þau gengu í gildi, að minsta kosti hjer í Reykjavík.

Frávísunarkrafa stefnds verður því ekki tekin til greina og þar sem stefndur hefir engum andmælum hreyft að því er snertir efni málsins verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.